

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

*Nýtt deiliskipulag, Hamranes, reitur 27B.*

Á reitnum sem úthlutað var sem þróunarreit er gert ráð fyrir að reisa tvö fimm hæða fjölbýlishús með 50 íbúðum. Á jarðhæðum bygginga sem snýr að Hringhamri, er heimilt að vera með verslun og/eða þjónustu. Heimild er fyrir smáhýsi á lóð sem nýtist íbúum.

*Nýtt deiliskipulag, Áshamar, reitur 8A.*

Á reitnum sem úthlutað var sem þróunarreit er gert ráð fyrir að reisa fjögur fimm hæða punkthús með 84 íbúðum. Heimild er fyrir atvinnurekstri á jarðhæð á móts við innkeyrslu frá Áshamri.

*Nýtt deiliskipulag, Áshamar, reitur 9A.*

Á reitnum sem úthlutað var sem þróunarreit er gert ráð fyrir að reisa fjögur fjögurra til fimm hæða fjölbýlishús með 80 íbúðum. Gert er ráð fyrir verslun og þjónustu á 1. hæð meðfram götu.

Uppdrættir ásamt greinargerðum og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 16. desember 2021.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Anna Margrét Tómasdóttir.**